



Samkeppniseftirlitið  
b.t. Páls Gunnars Pálssonar  
& Huldu Aspar Atladóttur  
Borgartúni 26, pósthólf 5120  
125 Reykjavík

Afrit sent: [samkeppni@samkeppni.is](mailto:samkeppni@samkeppni.is)

Reykjavík, 21. desember 2017

**Efni: Svar við bréfi Samkeppniseftirlitsins til Landssambands bakameistara dags. 16. nóvember 2017.**

## I. Inngangur

Undirrituðum lögræðingi Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“) hefur verið falið að svara bréfi Samkeppniseftirlitsins til Landssambands bakameistara (hér eftir „LABAK“) dags. 16. nóvember 2017 en LABAK er aðildarfélag SI.

Í ofangreindu bréfi eru gerðar athugasemdir við stefnulýsingu LABAK frá stefnumótunarfundi samtakanna sem haldinn var 14. október 2016 og þeim tilmælum beint til samtakanna að endurskoða þá stefnu og markmið samtakanna sem fram koma í stefnulýsingunni. Jafnframt er vakin athygli á að fordæmi séu fyrir því að samtök fyrirtækja setji sér innri reglur sem miði að því að samstarf aðildarfyrirtækja innan samtakanna verði ávallt samþýðanlegt samkeppnislögum.

LABAK þakkar Samkeppniseftirlitinu fyrir bréfið og tilmælin sem í því fólust. Eftirfarandi eru skýringar og svör LABAK við bréfinu.

## II. Endurskoðun stefnulýsingar

Við skoðun á fyrrnefndri stefnulýsingu er ljóst að orðalag hennar er óheppilegt og misvísandi hvað markmið og stefnu samtakanna varðar. LABAK vinnur að sameiginlegum hagsmunum aðildarfélaga með því að stuðla að bættri hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum. Samtökin gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggt sé að ekki myndist vettvangur þar sem upplýsingaflæði, sem leitt getur til röskunar á samkeppni, eigi sér stað milli aðildarfyrirtækja.

Forsvarsmönnum samtakanna er fullljóst að viðskiptasamningar við birgja eru trúnaðarmál hvers og eins fyrirtækis og að sameiginleg innkaup af einhverju tagi geta brotið í bága við samkeppnislög. Slík sameiginleg innkaup hafa ekki átt sér stað og ekki staðið til heldur var verið að vísa til þess að félagsmönnum LABAK bjóðast stundum afsláttarkjör eða tilboð frá aðilum sem vilja vera í viðskiptum við félagsmenn LABAK.

Þar sem fjallað var um að miðla upplýsingum var einkum átt við að miðla fagþekkingu, t.d. að félagsmenn gætu leiðbeint hver öðrum á námskeiðum varðandi fagleg málefni, s.s. tækninýjungar og strauma og stefnur í framleiðslu.

Framtíðarsýn félagsins hefur nú þegar verið breytt til að taka af öll tvímæli um þessi atriði og er hún meðfylgjandi í viðhengi.

## Innri reglur – samkeppnisréttarstefna og samskiptaviðmið

Innan SI er nú unnið að því að innleiða í starf samtakanna samkeppnisréttarstefnu og samskiptaviðmið sem gilda um öll undirsamtök og önnur aðildarfélög samtakanna, þ. á m.



LABAK. Tilgangur samkeppnisréttarstefnunnar er að tryggja fagleg og gegnsæ vinnubrögð í starfsemi samtakanna og fyrirbyggja háttsemi sem brotið gæti gegn samkeppnislögum.

Í drögum að téðri samkeppnisréttarstefnu segir m.a.:

„Í skilningi samkeppnislaga er litið á samskipti fyrirtækja á vettvangi samtaka fyrirtækja með sambærilegum hætti og öll önnur samskipti. Samskipti á vettvangi samtakanna skulu því aldrei fela í sér tilvísanir til verðs eða upplýsingaskipta um markaði eða viðskiptavinum eða annað sem rétt er að leynt skuli fara á milli samkeppnisaðila.“

[...]

„Við öflun og miðlun upplýsinga á vettvangi samtakanna skal gætt að trúnaði og verklag skal vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að viðkvæmar eða sérgreinanlegar upplýsingar einstakra fyrirtækja geti borist í hendur annarra aðildarfyrirtækja eða þriðja aðila.“

[...]

„Við miðlun upplýsinga, hvort heldur í ræðu eða riti, skal þess gætt að ekki sé miðlað upplýsingum um viðskipti, viðskiptahætti eða markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Þegar unnið er að rannsóknum á einstökum atvinnugreinum svo og sögulegum upplýsingum um framleiðslu, sölu eða markaðshlutdeild skal þess því ávallt gætt að um sé að ræða samtölur fyrir skilgreinda hópa fyrirtækja og að ekki sé unnt að bera kennsl á upplýsingar einstakra fyrirtækja.“

Þá er eftirfarandi tekið úr fyrrnefndum drögum að samskiptaviðmiðum:

„Ef umræða á fundum er þess eðlis að einhvern aðila grunar að hún geti brotið gegn samkeppnisréttarstefnu samtakanna eða ákvæði samkeppnislaga skal viðkomandi andmæla með skýrum hætti og skulu slík andmæli bókuð í fundargerð. Í slíkum tilvikum, og ávallt þegar upp kemur vafi um lögmæti umræðu á fundum, skal stöðva umræðuna, í það minnsta þar til unnt er að fá lögmæti hennar staðfest. Við mat á lögmæti skal tilgangur og markmið samkeppnislaga ávallt njóta vafans.“

[...]

„Á fundum stjórnna, nefnda og ráða sem starfa á vettvangi samtakanna er heimilt að ræða öll almenn málefni er varða heildarhagsmunum einstakra atvinnugreina og eru ekki til þess fallin að draga úr sjálfstæði fyrirtækjanna á markaði.“

Óheimilt er að ræða öll þau málefni sem eru til þess fallin, beint eða óbeint, að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni.“


Innleiðing samkeppnisréttarstefnu og samskiptaviðmiða innan SI er langt á veg komin. SI munu jafnframt tryggja starfsmönnum sem og öðrum fulltrúum samtakanna og undirsamtaka, svo sem stjórnarmönnum undirsamtaka, fræðslu á sviði samkeppnisréttar.

### III. Lokaorð

Þess er góðfúslega óskað að haft verði samband við undirritaða ef óskað er eftir frekari upplýsingum og/eða gögnum í tengslum við mál þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins og Landssambands bakarameistara

  
Björg Ásta Þórðardóttir, hdl.